



Des. 2002

HEIÐARSKÓLI

fréttabréf

SpKef

Sparisjóðurinn í Keflavík

Jólafrí og mæting eftir áramót

Jólafrí nemenda hefst laugardaginn 21. desember. Nemendur mæti aftur í skólann mánudaginn 6. janúar 2003 samkvæmt stundaskrá.




Olafur Kjartan Sigurðarson barritónsöngvari og Tómas Guðni Eggertsson píanóleikari að leika fyrir nemendur

Tónlist fyrir alla

Söngur og tónlist

Þriðjudaginn, 26. nóv., komu þeir Ólafur Kjartan Sigurðarson barritónsöngvari og Tómas Guðni Eggertsson píanóleikari í heim-sókn í Heiðarskóla. Fluttu þeir nokkur söng- og píanólög fyrir

nemendur 4. til 10. bekkja skólans, ásamt því að kynna fyrir þeim hinar ýmsu söngráddir. Óhætt er að segja að Ólafur Kjartan hafi farið á kostum í flutningi sínum og höfðu allir gaman af.



Hraustir í róttamenn úr Heiðarskóla voru titilinn annað árið í röð

Heiðarskóli vann „hreystikeppni“ grunnskólanna annað árið í röð

Föstudaginn 29. nóv. fór fram í Íþróttahúsi Njarðvíkur keppni í „hreysti“ milli nemenda grunnskólanna í Reykjanesbæ.

Undankeppnir höfðu farið fram í öllum skólunum þar sem efstu þrjár af hvoru kyni komust áfram og kepptu síðan fyrir hönd síns skóla.


Keppendur reyndu með sér í þremur þrautum sem reyndu á styrk, snerpu og hraða. Um liðakeppni var

að ræða en einnig voru veitt verðlaun fyrir þrjár efstu einstaklinga af hvoru kyni.

Eftir harða keppni hrósuðu nemendur Heiðarskóla sigri annað árið í röð nokkrum stigum á undan liði Holta-skóla. Lið Heiðarskóla skipuðu þau Garðar Eðvaldsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Jóhann Finnsson, Helga Heiðís Sölvadóttir, Helga Dagný Sigurjónsdóttir og Camila

Petra Sigurðardóttir. Í stúlknafllokki var Helga Heiðís Sölvadóttir úr Heiðarskóla efst, önnur varð Stefánía Júlíusdóttir úr Myllubakkaskóla og þriðja Íris Ósk Arnardóttir úr Holtaskóla. Garðar Eðvaldsson úr Heiðarskóla varð fyrstur hjá strákonum, annar varð Guðni Emilsson Myllubakkaskóla og þriðji Valgeir Snær Sigmarsson úr Myllubakkaskóla.

Starfsfólk Heiðarskóla óskar nemendum, foreldrum og öðrum aðstandendum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, með þökk fyrir ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða



Jólaskemmtanir og stofujól

Föstudaginn 20. desember

Verða hin árlegu „Litlu jól“ í skólanum. Ráðgert er að þau taki um eina og hálf klukkustund hjá hverjum bekk fyrir sig. Eins og venjulega verður jólaguðspjallið flutt af nemendum 7. bekkja, auk þess sem 2. bekkur verður með tónlistaratriði. Þá verða sungin jólalög og dansað í kringum jólatréð. Síðan heldur hver bekkur til sinnar stofu og heldur sín Litlu jól. Nemendur mæti sem hér segir: (sjá töflu til hægri)

Ath! Engin skólagæsla verður 20. des.

Kl. 8:30 - 10:00

1. bekkur AJ
2. bekkur EP
3. bekkur HH
4. bekkur BG
5. bekkur ÞE
7. bekkur EE
9. bekkur MK
10. bekkur IH

Kl. 10:00 - 11:30








1. bekkur IP
2. bekkur GH
3. bekkur HP
4. bekkur HT
6. bekkur SE
7. bekkur MÓ
9. bekkur GH
10. bekkur SN

Kl. 11:30 - 13:00

1. bekkur SG
2. bekkur GW
4. bekkur BD
5. bekkur EP
6. bekkur SJ
8. bekkur KÓ
9. bekkur SN

Föndrað á fullu

Húsfyllir var í skólanum s.l. laugardag þann 30. nóv. þegar Foreldrafélag Heiðarskóla stóð fyrir sínu árlega jólaföndri. Óhætt er að fullyrða að þetta er að verða með skemmtilegri uppákomum þar sem foreldrar, nemendur og starfsfólk hittast, fönðra saman og spjalla. Að venju sáu nemendur í 10. bekk um veitingar; heitt kakó, vöflur, gos og fleira. Hér á síðunni má sjá nokkrar svipmyndir frá þessari skemmtilegu og notalegu samverustund.




Fræðsla um átraskanir

Mánudaginn 18. og miðvikudaginn 20. nóvember fór fram fræðsla í 7.-10. bekk í Heiðarskóla um átraskanir. Sif Gunnarsdóttir skólahjúkrunarfræðingur, Erna Björnsdóttir hjúkrunarfræðingur og Hjördís Hjartardóttir sáu um fræðsluna.

Fræðslan beindist að stúlkum í þessum aldurshópi, sem hlýddu ásamt umsjónarkennurum sínum og námsráðgjafa á afleiðingar átraskanana og fræddust um það sálarstríð sem

þessi sjúkdómur er. Hjördís lýsti af mikilli kostgæfni reynslu sinni af þessum erfiða sjúkdómi en hún veiktist af lystarstoli 13 ára gömul. Hún hefur nú náð sér vel eftir veikindin og telur sig hafa komist langa leið frá þeirri afneitanu sem sjúkdómnum fylgir. Í efri bekkjunum var mörgum spurningum varpað til Hjördísar og virtust eldri stúlkurnar mjög móttækilegar fyrir umræðum um málið. Ljóst er að staðalmyndir sem dregnar





Hjördís Hjartardóttir fræðir nemendur um sjúkdóminn.

eru upp af ungum stúlkum sérstaklega, eru í miklum glansmyndastíl og oftast en ekki á fölskum grunni byggðar. Kom ma. fram að þær tæknibrellur

sem notaðar eru í dag til að skapa hið svokallaða „tísku útlit“ ala á óánægju stúlkna á sinni eigin líkamsmynd. Þá kom það ljóslega fram og var

margsinnis ítrekað hversu miklu skiptir að unglingar öðlist sterka sjálfsmynd til að standa stöðugt óæskilegan þrýsting og á það jafnt við um bæði kynin.




Olweusáætlunin gegn einelti og andfélagslegri hegðun

Starfsfólk Heiðarskóla er þessa dagana, ásamt Gerðaskóla, Njarðvíkurskóla og Sandgerðisskóla, að undirbúa þátttöku í átaksverkefni gegn einelti og andfélagslegri hegðun.

Verkefninu er stýrt af Unni G. Kristjánsdóttur, kennara í Sandgerði, en hún er menntaður myndmenntakennari, en kennir almenna kennslu. Unnur er fulltrúi grunnskólakennara í starfshópi þeim í Menntamálaráðuneytinu sem hefur með framkvæmd Olweus-verkefnanna að gera. Verkefni þetta tekur ekki aðeins til starfsfólks Heiðarskóla, heldur einnig til nemenda og foreldra. Vinna nemenda í verkefninu felst m.a. í því að umsjónarkennari heldur

bekkjarfundi, þar sem rætt er um einelti, félagsleg tengsl og líðan í bekknum. Miðast þetta fyrst og fremst að því að nemendur verða styrktir í því að taka afstöðu gegn einelti og þeir hvattir til að hjálpa þeim, sem lagðir eru í einelti. Meðan á verkefninu stendur, verður foreldrum kynnt við hvert tækifæri sem gefst, fyrirbyggjandi aðgerðir gegn einelti. En þegar tekið er á emellis-málum er hvað mikilvægast að skóli og heimili vinni saman.

Í upphafi verkefnisins verður lögð nafnlaus könnun á eineltisvandannum fyrir nemendur skólans. Spurningalistinn, sem notaður er í könnuninni, hefur verið þróaður í mörg ár og lagður fyrir mikinn fjölda grunnskólanemenda í nokkrum löndum. Upplýsingarnar, sem þarna fást, hafa mikil áhrif á starfsemi gegn einelti í skólanum. Í lok verkefnisins er aftur gerð könnun á einelti og út frá því skoðað, hvaða árangri skólinn náði og hvað þarf að vinna betur.



Nemendur að störfum

Niðurstöður samræmdra prófa hjá 4. og 7. bekk

Nú í byrjun nóvember bárust skólanum niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk. Má með sanni segja að útkoma nemenda okkar hafi verið til mikils sóma, sérstaklega í stærðfræðinni. Er ljóst að við erum á réttri braut hvað varðar undirbúning nemendanna fyrir þetta próf.

Íslenskuprófið kom hinsvegar ekki eins vel út og ef rýnt er í niðurstöður einstakra prófþátta kemur í ljós að lesskilningur og ritun eru þeir þættir sem veikastir eru í 7. bekk.

Í 4. bekk koma nemendur betur út í lesskilningi, en betur má ef duga skal. Það er nokkuð ljóst að lestri barna og unglinga er ábótavant. Þau lesa sér lítið til skemmtunar og eru því í lítilli þjálfun, þegar að lestri námsbóka kemur. Marga foreldra hefur rekið í rogastans þegar þeir sjá að barnið þeirra fær lága einkunn í lesskilningi og „barnið er fluglæst“. Þá er gott að átta sig á því að lestur er alls ekki það sama og lesskilningur, því tæknilega er barnið læst en skilur illa það sem stendur í textanum.

Hlutverk skólans í kennslu nemenda í lestri getur aldrei verið einhliða, foreldrar verða að koma þar að líka. Viljum við því hvetja foreldra til að vera virk í heimanámi barna sinna, sýna þeim áhuga, lesa með þeim námsbækurnar og lesa fyrir þau sögubækur. Þannig getum við stutt best við börnin okkar og gert þau að virkari lesendum með betri lesskilning.

4. bekkur	Meðaleink. Heiðarskóla	Meðaleink. á Suðurn.	Meðaleink. yfir landið
Stærðfr. Íslenska	7,5 6,2	7,2 6,2	7,1 6,6
7. bekkur			
Stærðfr. Íslenska	7,7 6,6	7,2 6,5	7,6 7,0
4. bekkur	Normaldr. Heiðarskóla	Normaldr. á Suðurn.	Normaldr. yfir landið
Stærðfr. Íslenska	5,4 4,4	5,1 4,4	5,0 5,0
7. bekkur			
Stærðfr. Íslenska	5,2 4,5	4,5 4,3	5,0 5,0

Námsferð til Reykjavíkur

Þann 4. nóvember fóru 3. bekkingar í námsferð til Reykjavíkur, þar sem Mjólkursamsalan var heimsótt. Heimsóknin var vel skipulögð í alla staði og var bæði fróðleg og skemmtileg. Leiðsögumaður tók á

móti hópnum og leiddi hann í gegnum sögu mjólkuriðnaðar á Íslandi frá upphafi til dagsins í dag. Börnin fengu að fylgjast með hverning mjólkinn er unnin og hvernig henni er pakkað í umbúðir til

neytenda. Síðan lá leiðin í ísgerðina, þar sem við sáum hvernig íspinni verður til. Í lokin var boðið upp á hressingu, auk þess sem öll börnin fengu húfu að gjöf og upplýsingabækling um hollustu mjólkur.



Borgarleikhúsið sótt heim

4. bekkur fór í vettvangsferð í Borgarleikhúsið 19. nóvember s.l. Þar fengum við að kynna leikhúsinu og sáum leikmuni og annað sem tengist leikhúslífinu. Þema leikhússins var að Þessu sinni að gera nemendum grein fyrir því að leikhúsið gæti ekki þrífist ef leikararnir léku ekki af hjartans list. Þeir þyrftu að gefa hjarta sitt í leikinn til að fanga áhorfendur sem eru að sjálfsögðu nauðsynlegir í leikhúsinu.

Hér kemur ritgerð eftir Söru og Elísabetu í 4. BG, sem þær gerðu um leikhúsfærðina:

Við fórum í rútu í hellidambu fyrir utan Heiðarskóla og rigningin fór alla leið inn í rútna. Við fórum úr rútnunni við Borgarleikhúsið og fórum í röðum inn í leikhúsið. Þegar við vorum komin inn þá hittum við húsvörðinn Ráðhildi og síðan kom leikstjórinn og talaði við okkur. Leikstjórinn sagði að hann væri búinn að tyna leikara og gengum við áfram með honum og þá kom leikarinn og hann var í prinsabúningi. Hann sagði við okkur að honum þætti asnalegt að prinsar þyrftu að vera í sokkabuxum. Þegar prinsinn var farinn kom Fröken Fýla og sagðist ekki þola leikhús og gekk í burtu. Þá fórum við að skoða leikmuni og síðan hittum við Hanna Hönnuð. Hann var með kóngaklósett og tók gervikúk upp úr því, "OJ"! Hanni spurði okkur hvert við værum að fara og Ráðhildur sagði honum að við værum að fara að hitta hana Talíu á baksviðinu. Á leiðinni komum við á stóra sviðið og fengum að sjá ljósasýningu og hittum prinsinn aftur og hann var að æfa töfraþulu sem hljóðar svo:

"Ég magna seið og óska þess um leið, að gólfíð haldi mínum rassi..."

Við fórum svo á baksviðið og hittum Talíu, en hún, prinsinn og Fröken Fýla sýndu okkur leikrit, sem fjallaði m.a. um hjarta leikhússins.



Norræna skólahlaupið

Í október og nóvember þreyttu nemendur Heiðarskóla Norræna skólahlaupið. Alls hlupu 473 nemendur 2040 km. Í ár var ákveðið að veita þeim bekk viðurkenningu, sem hlupi lengst að meðaltali. Þrjár viðurkenningar voru veittar, þ.e. í 1.-3. bekk, 4.-6. bekk og 7.-10. bekk, en

það var verðlaunaskjal, er bekkurinn fékk innrammað til að hengja upp í stofunni sinni. Voru nemendur mjög áhugasamir og reyndu hvað þeir gátu til að hækka meðaltal síns bekkjar. Þeir bekkir, sem hlupu lengst að meðaltali voru eftirfarandi: Í 1.-3. bekk hljóp 3.HH 3,2 km. Í 4.-6.

bekk hljóp 6.SJ 6,9 km og í 7.-10. bekk hljóp 8.KÓ 6,5 km. Auk verðlaunaskjals, fékk 6.SJ kökuveislu, fyrir að vera með hæsta meðaltal skólans. Hvetjum við alla til að leggja sig enn betur fram á næsta ári. **Munið að þið eruð öll sigurvegarar.**

Íþróttakennarar

HEIÐARSKÓLA FÆRÐAR GJAFIR

Bókagjöf
Síðastliðinn föstudag var Bókasafni Heiðarskóla veitt vegleg bókagjöf. Verslunardeðjan Samkaup gaf öllum þjónustusvæði 5 eintök af bókinni Didda og dauði kötturinn eftir Kikku.

Bróðurþel Lalla og Birgis
Fyrir stuttu kom Baldvin Nielsen og færði Heiðarskóla að gjöf tvo geisladiska, Bróðurþel Lalla og Birgis, sem vinur hans og kunningi, Konráð K. Björgólfsson, gaf nýverið út. Þetta er barna-

saga, sem höfundur les sjálfur, og á hún sér stóð í raunveruleikanum. Sagan er um allskyns ævintýri 2ja bræðra, sem eru grallarar, en góðir drengir og dálítið myrkfælnir. Færir skólinn þessum aðilum þakkir fyrir þessar góðu gjafir.

Námsefnis- og skólakynningar

Í október síðastliðnum voru haldnar námsefnis- og skólakynningar fyrir foreldra og/eða aðstandendur nemenda Heiðarskóla. Kynningar þessar voru ýmist haldnar fyrir allan árganginn í einu, eða að nokkrum árgöngum var steypt saman, eins og gert var í kyn-

ingunni fyrir 8. - 10. bekk. Tíminn sem kynningarnar fóru fram á var ýmist seinni part dags, eða á kvöldin. Almennt tókust þær mjög vel og sérstaklega voru umræður skemmtilegar og gagnlegar þegar foreldrar voru samankomnir ásamt umsjónarkennara barna

sinna. Þá kynnti foreldrafélag Heiðarskóla starfsemi sína. Alls mættu 246 foreldrar 493 nemenda skólans, sem er um 50% mæting. Eftirfarandi er listi yfir mætingu á þessum kynningar:

1.AJ	9 foreldrar
1.IP	11 foreldrar

1.SG	11 foreldrar
2.EP	10 foreldrar
2.GH	6 foreldrar
2.GW	9 foreldrar
3.HH	14 foreldrar
3.HP	16 foreldrar
4.BD	10 foreldrar
4.BG	14 foreldrar
4.HT	14 foreldrar
5.EP	13 foreldrar
5.PE	12 foreldrar

6.SE	8 foreldrar
6.SJ	16 foreldrar
7.EE	16 foreldrar
7.MÓ	13 foreldrar
8.KÓ	7 foreldrar
8.MK	8 foreldrar
9.GH	10. foreldrar
9.SN	7 foreldrar
10.IH	4 foreldrar
10.SP	8 foreldrar